

Stjórnarfundur Félags hrossabænda

haldinn í Bændahöllinni þri. 17. janúar 2012

Mætt: Kristinn Guðnason, formaður, Sigbjörn Björnsson, Vignir Sigurðsson, Magnús Jósefsson og Ólafur Einarsson, auk Huldu G. Geirsdóttur framkvæmdastjóra, sem ritar fundargerð.

Kristinn setti fundinn og bauð stjórnarmenn velkomna, ekki síst nýjan stjórnarmann Vigni Sigurðsson. Gengið var til dagskrár.

Fyrsta mál á dagskrá var að **stjórn skipti með sér verkum**. Verkaskipting er óbreytt, þannig að Vignir kemur inn í starf gjaldkera í stað Eypórs, Sigbjörn er varaformaður, Magnús ritari og Ólafur meðstjórnandi.

Næst var farið yfir **tillögur og ályktanir af aðalfundi**. Huldu falið að vinna úr þeim tillögum sem beint er til utanaðkomandi aðila og senda þær á rétta staði. Stjórn fjallaði um þau mál sem til hennar var vísað. Meðal annars var rætt um að skerpa þyrfti á reglum um skráningar á uppruna og ræktanda ef menn lána/leigja hryssur.

Rætt um möguleika á tvískiptingu sýningagjalda og DNA sýnatöku. Þetta hefur verið skoðað og er talið óframkvæmanlegt af þeim sem halda sýningarnar og sjá um skráningu. Stjórn mun hins vegar skoða málið áfram og var Huldu falið að hafa samband við Prokaria og athuga hvort ná mætti samningum varðandi betri kjör á DNA greiningum, t.d. magnafslátt eða annað slíkt.

Rætt var um hugsanlega endurupptöku samstarfs um uppskeruhátíð. Viðhorf stjórnarmanna í því máli hafa ekki breyst og telja menn að afhending ræktunarverðlaunanna eigi betur heima á ráðstefnunni Hrossarækt sem sérstaklega er ætluð ræktunarfólki. Kristinn mun ræða þetta mál í fundarferðinni í vetur og svo verður það tekið upp aftur á formannafundi í vor.

Til fundar kom **Jón Baldur Lorange frá WorldFeng** til að ræða þær hugmyndir sem fram eru komnar um hugsanlega þróun sölusíðu í tengslum við WF og aðgengi gagna í WF, sbr. ályktun frá aðalfundi. Jón Baldur sagði WF stöðugt vera að opnast meira og aðgangur að gögnun aukinn. Nú geta allir nálgast helstu grunnupplýsingar ókeypis. Varðandi gagnastrengi inn í kerfið þá er tekið smávægilegt gjald fyrir þá þjónustu. Heimsóknum á WF fjölgar jafnt og þétt, um 30% á síðasta ári. 55% heimsókna eru erlendis frá. Einhverjar hugmyndir komnar um að FHB setji upp söluvef. sbr. bilasolur.is. Búa til markað, einn miðlægan gagnagrunn sem hestasalar gætu tengst.

Málið rætt vítt og breitt. Ákveðið að leita frekari upplýsinga hjá þeim söluaðilum sem reka sölusíður, hvort þetta vekur áhuga þeirra og eins að fá einhvers konar kostnaðaráætlun frá Jóni Baldri. Sigbirni falið að fylgja málinu eftir í samráði við Huldu.

Búnaðarþing 2012. Rætt um hvaða mál gætu hugsanlega átt erindi inn á Búnaðarþing. Stjórnarmenn leggja áherslu á að skipan dýralæknamála í landinu þarfnist endurskoðunar. Sigbirni búnaðarþingsfulltrúa falið að leita samráðs við önnur búgreinafélög og koma málinu inn á þing.

Samstarf við Ferðapjónustu bænda. Hulda sagði einn aðila tilbúinn í prufu á þessu samstarfi en aðeins hefur staðið á FB varðandi svör. Kristinn mun heyra í Sævari hjá Ferðapjónustu bænda og Hulda fylgir því máli eftir.

Skipun nýs tengiliðar vegna **samstarf við Eiðfaxa út af vefgáttar** verkefninu. Samþykkt að Vignir taki við því hlutverki af Eypóri fráfarandi stjórnarmanni.

Fundarferð formanns. Samþykkt að formaður og hrossaræktarráðunautur fari í samskonar ferð og undanfarin ár. Stjórnarmenn töldu ástæðu til að reyna að stytta framsögur, leggja áherslu á að kynna breytingar og þá hluti sem framundan eru, vekja upp umræður og draga fram viðbrögð.

Staða fjármála. Hulda fór yfir stöðuna við áramót. Eitthvað útistandandi, en staðan bara nokkuð góð.

LM 2012. Kristinn sagði sig og Sigrúnu, formann FT, hafa verið beðin um að taka sæti í mótsstjórn og samþykktu þau það. Ræddi stuttlega drög að dagskrá mótsins.

Fagráð. Skipa þarf nýjan mann í fagráð en Bjarni Þorkelsson hverfur nú úr fagráði er hann lýkur fjögurra ára kjörtímabili sínu. Samþykkt að tilnefna Vigni Siggeirsson í Hemlu sem fagráðsmann og til vara Kristínu Lárusdóttur Syðri-Fljótum.

Fagráð hafði 3.4 milljónir til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði í ár. Nokkur verkefni styrkt er tengjast rannsóknum. Upplýsingar má sjá í fundargerð fagráðs.

Hækka þurfti sýningargjöld í ár, en tap hefur verið á rekstri sýninganna. Fullt gjald er núna 18.500.- Einnig rætt um breytt sýningarfyrirkomulag á LM, en unnið var m.a. út frá tillögum frá ræktunarráðstefnunni.

Vesturlandsdeild. Enn hefur ekki verið haldinn aðalfundur en óskað hafði verið eftir að haldinn yrði fundur í deildinni. Kristni falið að hafa samband formann deildar og athuga stöðu mála.

Önnur mál:

Staða exemmála – aðalfundur verkefnisins framundan þar sem betri upplýsingar fást um stöðuna, en bólusetningarprufur hafa staðið yfir. Vísindamönnum sýnist að bólusetningar í kirtla verði sú leið sem verði farinn.

Umsókn frá Útgáfufélaginu Sjarmanum vegna útgáfu búnaðarblaðsins Freyju tekin fyrir.

Stjórnarmönnum finnst framtakið gott og vilja gjarna styðja það með aðstoð við efnisöflun osfrv. en beiðni um fjárhagsstyrk hafnað.

Hrossakjötskafli kjötbókarinnar fer í loftið á vefnum í dag. Slóðin er www.kjotbok.is en FBH styrkti verkefnið.

Hulda ræddi um mikilvægi þess að **endurprenta kynningarefni** sem er á þrotum, s.s. bæklinga og auglýsa í ritum erlendis. Henni falið að leita tilboða og fá verð í endurprentun á því efni sem hún telur þurfa að vera til.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16. HGG/hgg